

Nd.

**637. Breytingartillögur**

[233. mál]

við frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.

a. Við B 6. Nýr liður (verður B 7):

Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá grunnlínu (grunnlínupunktar 10—11) á svæði, sem takmarkast af línu, sem dregin er réttvisandi austur frá Álftavíkurlanga (sunnan Húsavíkur), og línu, sem dregin er réttvisandi austur frá Dalatanga.

b. Í stað orðanna „upp að meginlandi“ í E 8 komi: upp að einni sjómílu frá fjörumarki.

c. Í stað orðanna „til 1. maí“ í E 9 komi: til 15. maí.

2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nú gerist skipstjóri sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, og er þá heimilt að svipta hann skipstjórnaréttindum um tiltekinn tíma.